

fremur þær frekari skýrslur og upplýsingar, er þrófin um framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega ofangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Nr. 36/1890:

Benedikt Kristjánsson

gegn

kirkjuhaldara St. Thórarensen

fyrir hönd dómkirkjunnar í Reykjavík.

Dómur:

Eptir að kirkjuhaldari St. Thórarensen fyrir hönd dómkirkjunnar í Reykjavík hafði beiðzt lögtaks á óloknu kirkjugjaldi af trúboðastofnunarhúsinu í Landakoti, sem áfrýjandi býr í, var fógetarjettur haldinn 13. nóvbr. f. á. á heimili áfrýjanda í Landakoti og hann krafinn um kirkjugjald af húseign kathólsku missíónarinnar í Landakoti, að upphæð kr. 3.58, og 50 aura lögtaksgjald. Áfrýjandi neitaði að greiða gjald þetta, með því að hús þetta væri samkvæmt lögum 19. septbr. 1879 undanskilið kirkjugjaldi, þar sem það eingöngu væri notað, og væri hið einasta hús, sem notað yrði nú, við ábúð á Landakoti, er væri sjerstök jörð, metin til dýrleika, og væri af henni greidd tífund til kirkjunnar. Hinn 17. s. m. kvað fógetinn í Reykjavík upp úrskurð á þá leið, að lögtakið skyldi framfara þrátt fyrir framkomin mót-mæli. Áfrýjandi lýsti því þá þegar yfir, að hann ætlaði að áfrýja þessum úrskurði, og beiddist í því skyni útskriptar in forma af lögtaksgjörðinni, og með þeim fyrirvara, að fá gjaldið endurgreitt úr sjóði kirkjunnar, ef hann yrði sýkn dæmdur í yfirdómi, greiddi hann, til

að komast hjá lögtaki, hið umkrafaða gjald, kr. 3.58, með áföllnum kostnaði 1 kr., samtals kr. 4.58.

Síðan áfrýjaði Benedikt Kristjánsson ofangreindum úrskurði til landsyfirdómsins, með stefnu 16. desbr. 1890, og krafðist, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og ómerktur og hinn stefndi, lögtaksbeiðandinn, reikningshaldari Reykjavíkurkirkju, síra St. Thórarensen, dæmdur til að greiða allan af áfrýjun þessari leiðandi kostnað að skaðlausu samkvæmt 13. gr. laga um lögtak og fjárnám 16. des. 1885. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að borga allan kostnað málsins fyrir yfirdóminum að skaðlausu, eins og væri málið eigi gjafvarnarmál, þar á meðal sómasamleg málsvarnarlaun til málaflutningsmanns stefnda, eptir mati yfirdómsins. Til vara hefur málaflutningsmaður stefnda krafizt málsvarnarlauna af almannafje.

Úrslit þessa máls eru komin undir því, eins og báðir málspartar eru sammála um, hvort hús það, sem hjer um ræðir, og sem kirkjugjalds hefur verið krafizt af, sje notað við ábúð á jörð, er metin sje til dýrleika, eða ekki, sjá lög um kirkjugjald 19. sept. 1879. Hús þetta stendur á Landakoti og er sem stendur notað við ábúð á því, en spurningin er, hvort Landakot sje jörð, er metin sje til dýrleika; heldur áfrýjandi því fram, en stefndi hinu gagnstæða, eins og stefndi líka neitar því, að áfrýjandi sje ábúandi á Landakoti, en það er saunað í málinu, að áfrýjandi sje það.

Af jarðatali Johnsens, sem áfrýjandi hefur vitnað til, má sjá, að Landakot með Götuhúsum hefur verið hjáleiga frá jörðinni Reykjavík, og er Landakotið í hinu nú gildandi jarðamati metið til dýrleika 32.92 hndr.; það



verður því að álíta það með öllu vafalaust, að Landakot hefur verið jörð, metin til dýrleika. Það þarf því að skoða, hvort síðar hafi gjörzt nokkuð, er gjöri það að verkum, að Landakot ekki lengur geti talizt jörð; — að hún er metin til dýrleika enn, það er vafalaust.

Hinn 18. júlí 1836 selur ekkja Margrethe A. Knudsen prófasti H. G. Thordersen eignarjarðir sínar Landakot og Götuhús í Reykjavík með öllum sínum túnnum, gögnum og gæðum, og öllum þeim húsum og gördum, er hún hafi látið byggja í Landakoti. Af þessu síðasta má ráða, að Landakot hafi verið aðaleignin. Hinn 16. nóvbr. 1846 selur H. G. Thordersen prófasti og dómkirkjupresti Ásmundi Jónssyni eignir þessar, svo og timburhús o. fl., er hann hafði látið byggja á Landakoti. Hinn 20. desbr. 1857 selur síra Ásmundur Jónsson Eyjólfur nokkrum Þorvarðarsyni húslóðina undir í-búðarhúsi, er Eyjólfur átti á Litla-Landakoti, er svo nefndist, ásamt kálgarði og túnspildu vestanvert á eigninni, en sjálft Landakotið, eða aðaleignina, selur lyfsali Randrup, sem virðist hafa keypt eignina af síra Ásmundi, 21. maí 1860 herra B. Bernard (kathólsku missíóninni). Eyjólfur Þorvarðarson, er áður var nefndur, selur 1. okt. 1862 glermeistara Geir Zoëga það, er hann keypti af síra Ásmundi Jónssyni 20. des. 1857, en Zoëga makaskipti því aptur fyrir þann hluta Landakotseignarinnar, sem nefnist Götuhúsavöllur, hinum kathóska prestí að Landakoti J. Baptista Baudoin. Þannig virðist öll Landakotseignin — að Götuhúsavelli einum undanskildum — að hafa verið eign B. Bernards eða þeirra Bernards og Baudoins í sameiningu 1. okt. 1862, og síðan virðist ekkert hafa verið selt eða afhent frá Landakoti. Það verður því að álíta, að Landakot enn sje gömul

hjáleiga frá hinni fornu jörð Reykjavík, og með því það er upplýst í málinu, að hús það, sem hjer um ræðir, er hið einasta íveruhús, sem nú er á Landakoti, og notað við ábúðina á því, en af Landakotinu er jarðartíund greidd til kirkjunnar eptir dýrleika þess, er nefnt hús undanþegið kirkjugjaldi samkvæmt 1. gr. laga um kirkjugjald af húsum 19. sept. 1879. Það ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og samkvæmt lögum um lögtak og fjárnám 16. des. 1885, 13. gr., að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað að skaðlausu. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda verða samkvæmt þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málsvarnarlaun. Að því málið hefur verið gjafvarnarmál, vottast, að flutningur þess fyrir yfirdómi hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður skal úr gildi felldur. Stefndi, síra St. Thórarensen fyrir hönd Reykjavíkur dómkirkju, greiði áfrýjandanum, præp. hon. Benedikt Kristjánssyni, málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 37/1890:

Bæjarstjórn Reykjavíkur  
gegn  
Ingjalði Sigurðssyni.

Dómur:

Það sjest af skjölum máls þessa, að áfrýjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, hefur áður höfðað mál gegn